

Drög að Fundargerð

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn mánudaginn 11. nóvember 2013, kl. 15:00 á Skriðuklaustri í Fljótsdalshreppi.

Mætt: Björn Ingimarsson fh. Fljótsdalshéraðs, Gauti Jóhannesson fh. Djúpavogshrepps, Gunnþórunn Ingólfssdóttir fh. Fljótsdalshrepps, Jóhann Frímann Þórhallsson fh. Fljótsdalshrepps, Páll Baldursson fh. Breiðdalshrepps, Páll Bj. Guðmundsson fh. Fjarðabyggðar, Vilhjálmur Jónsson fh. Seyðisfjarðar, Þorsteinn Steinsson fh. Vopnarfjarðar og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands.

Dagskrá:

1. Setning

Formaður Gunnþórunn Ingólfssdóttir setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lögð var fram tillaga um að Jóhann Frímann Þórhallsson yrði fundarstjóri og Vilhjálmur Jónsson fundarritari og var það samþykkt samhljóða. Í framhaldi tók Jóhann Frímann við stjórn fundarins.

3. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar Gunnþórunn Ingólfssdóttir flutti skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið ár og var henni dreift á fundinum.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar og ársreikning yrði sameiginleg og var það samþykkt.

4. Ársreikningur 2012

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður lagði fram ársreikning fyrir Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2012. Reikningurinn er þegar áritaður af stjórn, forstöðumanni, skoðunarmönnum og endurskoðenda. Jafnframt lagði forstöðumaður fram ársskýrslu skrifstofunnar fyrir skólaárið 2012-2013. Helstu niðurstöðutölur ársreiknings Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2012 eru:

Heildartekjur: 430.122.561,-

Heildargjöld: 432.179.119,-

Rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði: -1.373.279,-

Fundarstjóri bar upp skýrslu stjórnar og ársreikning fyrir árið 2012 til samþykktar sem voru samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður lagði fram og kynnti fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2014.

Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2014 eru:

Heildartekjur: 461.060.000,-

Heildargjöld: 465.560.000,-

Rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði: -4.500.000,- sem verði mætt af handbæru fé.

Fundarstjóri bar upp fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2014 sem var samþykkt samhljóða.

6. Kosning skoðunarmanna

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu um skoðunarmenn:

Aðalmenn:

Póroddur Helgason Reyðarfirði

Kristinn Briem Reyðarfirði

Til vara:

Andrea Borgþórsdóttir Reyðarfirði

Sigurlaug Jónasdóttir Egilsstöðum.

Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

- 1) Björn Ingimarsson greindi frá athugunum á vegum Fljótsdalshéraðs á málefnum skólaskrifstofu Austurlands til framþróunar þjónustu hennar.
- 2) Þorsteinn Steinsson hvatti til þess að stjórnin kæmi saman til að fjalla um skýrslu jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um málefni fatlaðra.
- 3) Sigurbjörn Marinósson taldi jákvætt að endurskoðun færi fram á starfsemi skrifstofunnar. Jafnframt að innkoma málefna fatlaðra til skrifstofunnar hefði haft jákvæð áhrif á starf hennar.
- 4) Þorsteinn Steinsson velti því upp varðandi kaup á tölvum og spjaldtölvum fyrir nemendur í skólum hvort sveitarfélögin ættu samleið í þeim efnum. Sigurbjörn Marinósson greindi frá fundi fræðslustjóra þar sem fram hafði komið að mikilvægt væri að móta stefnu um notkun nemenda og að hafa skýra sýn í þeim efnum. Nokkur umræða varð um málið og m.a. ræddir þeir tæknilegu kostir sem í boði eru. Sigurbjörn benti á að Norðlingaskóli hefði verið með tilraunaverkefni á þessu sviði og að skynsamlegt væri að kanna niðurstöður þess verkefnis. Einnig að I-pad virtist passa nemendum vel, að þeir færu vel með þá og að mikið væri til fyrir þá af forritum.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Formaður Gunnþórunn Ingólfisdóttir þakkaði fyrir góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 15:48.

Fundargerð ritaði,
Vilhjálmur Jónsson